

SIÐAREGLUR

kjörinna fulltrúa hjá Sveitarfélaginu Hornafirði

1. gr.

Markmið siðareglanna

Í reglum þessum er skráð og skilgreind sú háttsemi sem kjörnir fulltrúar vilja sýna af sér við öll sín störf.

Með kjörnum fulltrúum er átt við bæjarfulltrúa sem og alla aðra sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

2. gr.

Starfsskyldur

Kjörnir fulltrúar gegna störfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta almannahagsmuna og hagsmuna Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Í störfum sínum er kjörinn fulltrúi bundinn af lögum, reglum og samþykktum Sveitarfélagsins Hornafjarðar sem og sannfæringu sinni.

Kjörnir fulltrúar hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku, og framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Kjörnir fulltrúar móta stefnu og hafa eftirlit með rekstri Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Kjörnir fulltrúar gæta þess að framkvæmd stjórnsýslu og rekstur sveitarfélagsins sé ávallt eins og best verður á kosið. Kjörnir fulltrúar og stjórnendur aðhafast ekkert það sem falið getur í sér misnotkun á almannafé. Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárahagsáætlun og grundvallarreglur fjármálastjórnunar til að tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé.

Kjörnir fulltrúar upplýsa íbúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar um framkvæmd starfa sinna og atriði sem skipta máli í rekstri sveitarfélagsins eins og kostur er. Þeir eru ávallt reiðubúnir að axla ábyrgð á störfum sínum.

3. gr.

Virðing

Kjörnir fulltrúar forðast að hafast nokkuð það að sem er þeim til vanvirðu eða álitshnekkis eða sem varpað getur rýrd á störf þeirra eða Sveitarfélagið Hornafjörð.

4. gr.

Valdmörk

Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Þeir sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna Sveitarfélagsins Hornafjarðar virðingu.

5. gr.

Hagsmunaárekstrar

Kjörnir fulltrúar forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum og vekja athygli á því ef hætta er á slíkum árekstrum.

Um mat á hæfi við afgreiðslu einstakra mála og málsmeðferð í því sambandi fer eftir sveitarstjórnarlögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins.

Kjörnir fulltrúar nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð lýkur.

6. gr.

Gjafir og fríðindi

Kjörnir fulltrúar þiggja ekki gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim, er leita eftir þjónustu Sveitarfélagsins Hornafjarðar nema að um sé að ræða óverulegar gjafir.

7. gr.

Trúnaður

Kjörnir fulltrúar gæta þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einkahagsmuna eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Trúnaðurinn helst áfram eftir að kjörnir fulltrúar láta af störfum.

Kjörnir fulltrúar virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Sveitarfélagsins Hornafjarðar, sem og um innihald skjala eða annarra gagna, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um, nema að annað sé ákveðið.

8. gr.

Stöðuveitingar

Kjörnir fulltrúar gæta þess við stöðuveitingar hjá Sveitarfélaginu Hornafirði sé í hvívetna fylgt lögum og reglum og að einungis málefnalegar forsendur liggi að baki vali á starfsmönnum.

9. gr.

Ráðsmennska

Kjörnir bæjarfulltrúar skulu taka fullt tillit til umbjóðenda sinna og veita þeim þá bestu þjónustu sem þeim er unnt. Þetta felur m.a. í sér að;

- leysa verkefni eftir bestu getu á sem skemmstum tíma.
- upplýsa þá sem það á við um réttindi þeirra, skyldur og úrræði til lausnar verkefna og vandamála.
- virða og verja rétt einstaklinga til sjálfsákvörðunar eins og mögulegt er.

10. gr.

Miðlun siðareglna til kjörinna fulltrúa og almennings

Kjörnir fulltrúar undirgangast þessar siðareglur með undirskrift sinni og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi. Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar starfsfólki sveitarfélagsins og almennings til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra.

Siðarreglur þessar skulu endurskoðaðar í upphafi hvers kjörtímabils skv. 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr.138/2011.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann 14. desember 2022.

Sigurjón Andrésson bæjarstjóri